

Árneshreppur  
Bogi Kristinsson  
Norðurfirði  
524 Árneshreppur

Reykjavík 13. október 2017  
Tilvísun: FMS1709003 / 05.00

**Efni: Umsögn um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 ásamt umhverfisskýrslu, einnig tillögu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir Hvalárvirkjun.**

Með bréfi dagsett 31. ágúst síðastliðinn hefur Ferðamálastofa borist til umsagnar tillaga að breytingu aðalskipulags og tillaga að deiliskipulagi vegna undirbúnings Hvalárvirkjunar.

**Umsögn:**

Ferðamálastofa telur að ekki sé ljóst af þeim upplýsingum sem fyrir liggja í greinargerð og umhverfisskýrslu, hvaða áhrif verða af breytingunum á ferðamennsku og útivist á svæðinu. Hinsvegar hafa skýrsluhöfundar nokkra tilhneigingu til að telja áhrifin jákvæðari en ástæða er til, eins og tiltekið er í athugasemdum við einstaka þætti hér að neðan.

Samkvæmt greinargerð og umhverfisskýrslu er markmið aðalskipulagsbreytingar að:  
*...að skapa svigrúm til frekari rannsókna innan virkjunarsvæðis Hvalárvirkjunar og leggja þannig grunn að ákvarðanatöku um framhald verkefnisins ( kafli 1.1).*

Í inngangi að sömu skýrslu kemur þetta nákvæmar fram:

*Til að hægt sé að framkvæma frekari rannsóknir á vatnalífi í vötnum á heiðinni þarf að koma tækjum þangað. Svæðið er erfitt yfirferðar til rannsókna á fuglalífi og menningarmínjum. Niðurstöður þessara rannsókna leggja grunn að ákvarðanatöku um framhald verkefnisins. Til að afla frekari gagna þarf að vera mögulegt að fara með rannsóknartæki inn á skipulagssvæðið, en það kallar á breytt aðalskipulag. Skilgreina þarf vinnuvegi að rannsóknarsvæðinu og lágmarks efnistöku vegna þeirra. Einnig þarf að gera ráð fyrir starfsmannaádstöðu vegna rannsókna. (Bl 1.)*

Ferðamálastofa telur að þessar fullyrðingar um nauðsyn vinnuvega standist ekki skoðun. Tæki til rannsókna á náttúrufari eru yfirleitt létt, en í þeim tilfellum sem þau eru of þung má notast við ofurjeppa og þylur, en Ferðamálastofa hefur vitneskju um að slík tæki hafi verið notuð við svipaðar rannsóknir á óaðgengilegum stöðum, t.d. við Öskjuvatn. Í samanburði við áætlaðar vegalagningar eru þylur og ofurjeppar líklega mun ódýrari leið til rannsókna á sama tíma og þær breyta ekki umhverfinu. Rannsóknir sem nytu stuðnings þylna og ofurjeppa myndu lítil sem engin áhrif hafa á ferðamennsku til langs tíma. Áhrif fyrirhugaðra vinnuvega og -búða á ferðamennsku og útivist á svæðinu eru hinsvegar í besta tilviki óviss en líklega neikvæð.

Ferðamálastofa gerir ekki athugasemdir við deiliskipulag vegna vinnubúða við Hvalá aðrar en þær sem hafa að gera með forsendur þess; breytt aðalskipulag.

**Athugasemdir við einstaka þætti Greinargerðar og umhverfisskýrslu**

Tafla 3.3: Ástæða er að telja upp stefnumörkun stjórnvalda í ferðamennsku upp hér, bæði Ferðamálaáætlun 2011-2020 og Vegvísi í Ferðamálum frá stjórnstöð ferðamála.

Kaflí 5.1. Í þessum kafla um vegina kemur fram að „*Gert er ráð fyrir vinnuvegirnir geti nýst sem göngu- og reidleiðir. Ef fallið verður frá virkjunaráformum skal ganga þannig frá vinnuvegum að tryggð verði að þeir verði ekki færir vélknúnum ökutækjum*“ (Bl. 38). Rétt er að benda á það að uppbyggðir vegir af þessar stærðargráðu sem um ræðir eru sjaldnast eftirsóknarverðir af göngufólki. Einnig er óvíst að svona vegir verði áhugaverðir fyrir ríðandi ferðamenn. Síðar í kaflanum kemur þetta aftur fram í örlítið breyttri mynd:

*„Náttúruvernd. Aðgengi að Ófeigsfjarðarheiði mun aukast sem getur haft jákvæð áhrif á útivist og jafnvel ferðaþjónustu. Vegir geta þó haft áhrif á upplifun útivistarfólks og ferðamanna vegna breyttrar ásýndar. Skipulagsbreytingin breytir áður óbyggðu landi og hefur því áhrif á þróunarmöguleika svæðisins. Breytingin útilokar þó ekki þann möguleika að nýta svæðið á annan hátt, t.d. sem þjóðgarð þar sem vegir munu nýtast sem gönguleiðir“.* (Bl. 39.)

Lagning gönguleiða hvort sem þær eiga sér stað í þjóðgörðum eða annars staðar þurfa að taka mið af því aðdráttaraflí, náttúruvernd og markhópum sem um ræðir í hverju tilviki fyrir sig. Afar ólíklegt er að vegaf framkvæmdir byggðar á óljósum forsendum (ekki kemur fram stærð vegarins, breidd eða hæð) en þörfum og markmiðum (rannsóknir) sem eiga ekkert skylt við ferðamennsku muni þjóna þörfum hennar.

Umhverfismat áætlunarinnar: Um áhrif á útivist og tómstundir, (sem sérstaklega er fjallað um þótt hún eigi heima undir ferðamennsku) sem eru metin jákvæð, segir:

*Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar munu hafa einhver áhrif á útivist á svæðinu þar sem vinnuvegirnir og brú yfir Hvalá geta mögulega aukið aðgengi útivistarfólks að Ófeigsfjarðarheiði og myndað vísi að gönguleið frá Ófeigsfirði uppá heiði og í átt að Langadalsströnd. Ásýnd svæðisins mun þó að einhverju leyti breytast vegna vegagerðar og efnistöku. Hafa ber þó í huga að umferð útivistarfólks um svæðið er lítil. Áhrifin verða varanleg.*(Bl. 50)

Leiða má líkur að því, þótt um það sé óvissa vegna ónógra athuganna, að ferðamenn á á svæðinu nú séu fyrst og fremst náttúrusinnar. Vegagerðin myndi að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á þá í samræmi við breytta ásýnd svæðisins. Mjög óvíst er að það aðgengi sem vegir skapa, myndu opna nýjar ferðmannaleiðir. Hér er því þáttur sem metin er jákvæður, en raunsærra mat væri að hann væri neikvæður.

### **Forsendur umsagnar:**

Forsendur Ferðamálastofu: Ferðamálastofa byggir umhverfisstefnu sína á sjálfbærri og ábyrgri ferðamennsku. Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðaþjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðaþjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru landsins en skv. könnunum er náttúra Íslands helsta forsenda heimsóknar um 80% erlendra ferðamanna til Íslands. Styrkur Íslands sem ferðamannalands felst því einkum í sérstakri og lítt raskaðri náttúru landsins. Náttúra Íslands er varan sem íslensk ferðaþjónusta er að selja og ákaflega mikilvægt að henni sé ekki spillt. Þegar farið er af stað með áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum er mikilvægt að þær séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknnum og unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands, samfélagsins og sögu.

Virðingarfyllst,



